

UMFANG HAFBEITAR  
1987/1988

Valdimar Gunnarsson

Reykjavík, febrúar 1988

VMST-R/88005



**VEIÐIMÁLASTOFNUN**  
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252  
125 Reykjavík.

Hér verður greint frá fjölda gönguseiða sem sleppt var í hafbeit árið 1987 og áform um sleppingar árið 1988. Samskonar upplýsingar voru teknar saman áður og birtust í grein eftir Valdimar Gunnarsson (1987). Hér eru sömu tölur teknar saman í ljósi viðbótarupplýsinga sem borist hafa um fjölda gönguseiða sleppt á árinu 1987 og upplýsingar um fyrirhugað sleppingar á þessu ári. Í þessari skýrslu eru eingöngu teknar saman upplýsingar um sleppingar og sleppingaráform hjá þeim stöðvum sem veiða endurheimtan lax í gildru eða net á sleppistað. Hér eru ekki teknar með sleppingar sem mið við að endurheimtur lax sé eingöngu veiddur á stöng.

Á árinu 1987 var sleppt 953.250 gönguseiðum frá 20 sleppistöðum, mest var sleppt hjá Vogarlax h/f 400.000 gönguseiðum og Laxeldisstöð ríkisins í Kollafirði 230.000 gönguseiðum (Tafla 1).

Tafla 1. Fjöldi slepptra gönguseiða hjá hafbeitarstöðvum árið 1987 og áform fyrir árið 1988.		
Stöð\Ár	1987	1988
Fiskeldi Grindavíkur	50.000	100.000
Silfurgen	2.000	
Vogarlax	400.000	1.000.000
Pólarlax	19.600	5-150.000
Fellalax		0-50.000
Laxeldisstöð ríkisins	230.000	220.000
Hafnarlax	3.000	5.000
Lárós	37.000	30.000 - ?
Hafbeitarstöðin Kirkjufelli	1.000	5-10.000
Silfurlax (Hraunfirði)	6.000	100.000
Smári (SvínafoSSá)	7.000	10-20.000
Dalalax	20.000	20.000
Hafbeitarstöðin Kleifum	1.500	1-50.000
Silfursíli	2.900	10.000
Hafbeitarstöðin Botni	0	?
Islax	3.000	5.000
Blælax	9.750	10.000
Fljótalax	10.000	10.000
Miklilax		0-10.000
Óslax	9.000	10-250.000
Fiskeldi, Húsavík	3.500	
ISNO (Kelduhverfi)	60.000	50.000
Fiskhaldsstöðin Naustin		
Laugalax (Saurbæ)	78.000	
Samtals	953.250	1.591-2.100.000

A árinu 1988 er gert ráð fyrir að sleppa 1.6-2.1 milljónum gönguseiða. Þetta er gróf áætlun og getur mikið breist eftir því hvernig gengur með útflutning á seiðum. Því minna sem flutt verður út af gönguseiðum eykst fjöldi seiða sem sleppt verður í hafbeit. Það skal líka tekið fram að mikil óvissa er um hve mörgum seiðum verður sleppt hjá Lárósi, Pólarlaxi, Fellalaxi, Hafbeitarstöðvarinar á Kleifum og Öslaxi. Einnig geta fleiri hafbeitarstöðvar bæst við með vorinu og aukið fjölda slepptra seiða fram yfir það sem áætlað er í töflu 1. Þegar er vitað um nokkra staði þar sem í athugun er að hefja hafbeit.

#### Heimildir.

Valdimar Gunnarsson 1987. Fjöldi slepptra gönguseiða og endurheimtur hjá hafbeitarstöðvum frá 1963 til 1987. Veiðimálastofnun, VMST-R/87032:18 bls.

Upplýsingar fengnar frá forsvarsmönnum hafbeitarstöðva.